

Galdrar

Tvær íslenskar tónsmíðar voru frumfluttar á tónleikum sem þeir Einar Jóhannesson klarinettuleikari og Örn Magnússon píanóleikari héldu í Salnum í Kópavogi á sunnudagskvöldið. Þetta voru För eftir Misti Þorkeldsdóttur og Capriccio eftir Karólínu Eiríksdóttur. Fyrra verkið hafði reyndar verið frumflutt erlendis, en þetta var í fyrsta sinn sem það er leikið hér á landi. Erfitt er að lýsa þessari tónlist, hún virðist eiga sér rætur í einhverjum draumkennndum veruleika þar sem innra flæði ræður ferðinni fremur en rökréttar formúlur. Oft verða langir tónar að einhverju allt öðru á fullkomlega eðlilegan hátt, og undirliggjandi hljóðmarnir eru framandi, en samt þægilegir áheyrnar. Útkoman er afslöppuð, þetta er sérlega fallega skrifuð músík fyrir bæði hljóðfærin, og var hún svo vel flutt á tónleikum að unaður var á að hljóða. Einar tókst að galdra fram svo fagra tóna að maður trúði varla eigin eyrum, og leikur Arnar var sömuleiðis einstaklega nákvæmur og tær.

Tónlist

Verk Karólínu er að mati undirritaðs ekki eins áhrifamikilið þó þar komi fyrir margar góðar hugmyndir. Í grófum dráttum má skipta tónsmíðinni í tvo hluta, og einkennist sá fyrri af hryssingslegum hljóðum og hvassri hrynjandi sem skapa magnaða stemningu. Seinni hlutinn er í fullkominni andstæðu, íhugulir hljómar reika um í stefnulausri lognmöllu, sem er áhugavert fyrst en verður heldur langdregið er á líður. Var útkoman á tónleikum einhvern veginn ekki sannfærandi, og breytti þar engu þó



Einar og Örn með Karólínu Lárusdóttur á milli sín
Hvarvetna var leikur þeirra markviss og tilfinningaþrunginn, nákvæmur og öruggur.

tónsmíðin væri þrýðilega flutt. Kannski væri ekki galið að stytta hana, sérstaklega seinni hlutann.


Flúruð, lífleg og kímín

Annað sem þeir Einar og Örn léku rann ljúflega niður. Fimm dansprelúdiur eftir Lutoslawski voru hver annarri glæsilegri, ólíkar stemningar voru túlkaðar af innlifun og næmni, og var styrkleikajafnvægi hljóðfæranna úthugað. Örn fær plús hjá undirrituðum fyrir að ná þolanlegum hljóðum út úr takmörkuðum flygji Salarins, og átti kuldalegur tónninn ekki illa við tónlist Lutoslawskis. Í rómantískum impressjónismanum í rapsódíu Debussys saknaði maður hins vegar hlýlegri blæbrigða þó Örn reyndi hvað hann gat, það er bara ekki hægt að búa til silkipoka úr svinseyra. Heyrst hefur sá

orðrómur að Steinway-flygill sé á leiðinni, sem er vonandi rétt. Ef einhvers staðar ætti að vera góður flygill er það einmitt í Salnum í Kópavogi, þar sem flestir píanótónleikar eru haldnir hér á landi.

Síðasta verkið á efnisskránni var sónata eftir Poulenc, með týpískum laglínunum sem nánast þöndu sig yfir hálf tónhljómborð. Tónlist Poulencs er einstök, hún er sérkennilega flúruð, lífleg og kímín, og var túlkun þeirra Einars og Arnar í fremstu röð. Hvarvetna var leikur þeirra markviss og tilfinningaþrunginn, og svo nákvæmur og öruggur að maður gat allt eins verið að hlusta á geislaþötu. Var þetta frábær endir á tónleikum með framúrskarandi listamönnum.

Jónas Sen



Ragna sýnir í New York

Ragna Sigrúnardóttir opnaði sýningu á olíumálverkum í Agora Gallery í New York í vikunni sem leið og stendur sýningin fram yfir páska eða til 21. apríl. Sýningin ber heitið Visions From Life og sýningarsalurinn er á Broadway 560 í Soho. Hann er opin þrið. – laug. kl. 12–18.

Gesualdo í Hallgrímskirkju

Kammerkórinn Schola cantorum heldur tónleika í Hallgrímskirkju að kvöldi föstudagsinn langa kl. 21 undir stjórn Harðar Áskelssonar. Þar verða m.a. flutt verk eftir norska tónskáldið Knut Nystedt og ítalska endurreisnartónskáldið Carlo Gesualdo sem þykir einn af stórbrotustu tilraunamönnum í sígildri tónlist. Algert namm.



Jóhannespassían

Annað algert namm, meira að segja sama dag verður Jóhannespassían BWV 245 eftir J. S. Bach flutt tvisvar af Kór Langholtskirkju, á föstudaginn langa, kl. 16 og 20. Einsöngvarar verða Ólöf Kolbrún Harðardóttir, Nanna María Cortes, Þorbjörn Rúnarsson, Eiríkur Hreinn Helgason og Bergþór Pálsson sem syngur hlutverk Jesú. Kammersveit Langholtskirkju leikur með og konsertmeistari er Júlíana Elín Kjartansdóttir. Stjórnandi er Jón Stefánsson.

Músík í Mývatnssveit

Um páskana verður í fjórða sinn haldin tónlistarhátið við Mývatn undir yfirkristinni Músík í Mývatnssveit og undir stjórn Laufeyjar Sigurðardóttur. Fyrrir tónleikarnir verða að kvöldi föstudagsins langa í Reykjahlíðarkirkju. Þar verða meðal annars flutt verk eftir Scarlatti, Händel og Schubert. Á tónleikum í Skjölbrekku síðdegis á laugardag verður Silungakvintettinn eftir Schubert á dagskrá ásamt íslenskum og ítölskum sönglögum. Einsöngvari er Jóhann Friðgeir Valdimarsson tenór.



Þjóðvegurinn

Þjóðvegurinn, síðasta stóra leikritið sem August Strindberg skrifaði, verður páskaleikrit Rásar 1 að þessu sinni og hefst kl. 13 á páskadag. Aðalpersóna þess er förumaður sem gengur ofan úr Alpafjöllum gegnum skógi vaxna dali eftir mjóum, krókóttum stíg. Þórarinn Eldjárn þýddi verkið, Stefán Baldursson leikstýrir og Hjalti Rögnvaldsson leikur aðalhlutverkið.

Parsifal á páskum

Richard Wagner félagið á Íslandi sýnir óperuna Parsifal af myndbandi í Norræna húsinu á laugardaginn kl. 13. Sú hefð hefur skapast hjá félaginu að sýna þessa óperu á páskum enda hæfir það vel bæði efni hennar og boðskap. Að þessu sinni verður sýnd upp-taka frá Metropolitan óperunni í New York sem gerð var 1992, hefðbundin og afar falleg sýning. Sungið er á þýsku en enskur skjátexti fylgir. Hljómsveitarstjóri er James Levine en leikstjóri Otto Schenk. Í helstu hlutverkum eru Siegfried Jerusalem og Waltraut Meier. Aðgangur er ókeypis og öllum heimill.

Líf í ljóðum

Vika bókarinnar hefst þriðjudaginn eftir páska eins og nánar verður getið þá, en rétt er að bókmenntaáhugamenn leggi strax á minnið að fyrsta kvöldið, þriðjudagskvöldið kl. 20.30, hefst í Þjóðmenningarhúsinu fyrsta ljóðadagskrá vikunnar. Þá lesa Sigurður Pálsson, Þorsteinn frá Hamri, Vilborg Dagbjartsdóttir, Kristján Þórður Hrafnsson og Sigurbjörg Þrastardóttir eigin ljóð en Hjalti Rögnvaldsson les ljóð Kristjáns Karlssonar og Matthíasar Johannessens.

Ljóðin sem lesin verða eru úr gjafabókinni Líf í ljóðum, ljóðasafni 22 íslenskra ljóðskálda sem gefin er út í 8.000 eintökum, og fá viðskiptavinir bókabúða sem versla fyrir 1.000 krónur eða meira bókina að gjöf frá bóksölum.




Odd Nerdrum laðar að sér fjölda áhugasamra á Kjarvalsstöðum

Eftir flóðið

Það var múgur og margmenni á opnun hjá Odd Nerdrum á Kjarvalsstöðum á laugardaginn var, enda maðurinn vel þekktur hér á landi þótt aldrei hafi hann sýnt hér fyrr. Hann sagðist í opnunarræðu sinni hafa dregið það eins lengi og hann gat að sýna á Íslandi, honum þætti svo vænt um margt fólk hér að hann hefði ekki viljað svekkja það og kannski missa vinskápan þess með því að láta það sjá þetta dót sem hann væri að framleiða.

Kits kallar hann myndirnar sínar sem þýðir að hann lítur ekki á þær sem frumlega list heldur úrvinnslu úr eldri list, því sem búið er að gera, búið að vera vinsælt. Endurvinnsla. Drengurinn með tárið. Þess vegna segir hann að listgagnrýnendur hati myndirnar sínar og gefi þeim ævinlega vonda einkunn. Ekki hefur þegar þetta er ritað nokkur íslenskur listrýnir tekið ögrun hans og skrifað um sýninguna – enda vandséð hvað eigi að segja: Ef maður hallmæilir henni er maður að hlýða málaranum; ef maður hælir henni þá er maður bara að sýna að maður sé ekki eins og hinir!

Af einhverjum ástæðum kemur skáldsagan Eftir flóðið sem sænski rithöfundurinn P.C. Jersild skrifaði fyrir rúmum 20 árum og Njörður P. Njarðvík íslenskaði (1983) aftur og aftur upp í hugann á sýningu Odds Nerdrums. Sagan gerist eftir þriðju heimsstyrjöldina; það er enn mannlíf en geislun hefur valdið gróðurdaða og ekki er lengur neitt



Maður og hestshaus (1993) eftir Odd Nerdrum

Við erum stödd í óvissri framtíð þegar mannlífi eins og við þekkjum það hefur verið tortímt.

sem heitir síðmenntað líf á jörðinni. Sömu tilfinningu gefa myndir Odds. Þetta er ekki fortíð, ekki miðaldir eins og manni gæti iðulega dottið í hug af klæðnaði persónanna, heldur framtíð þegar ekki verður lengur rafmagn eða bílar eða borgarlíf eins og við þekkjum það. Afskræming margra persóna á myndunum bendir líka til geislunaráhrifa. En ekkert af þessu stafar listamaðurinn ofan

í okkur heldur leyfir hugsununum og áhrifunum að seytle inn.

Listveldi í Víðsjá

Á undan opnun á Kjarvalsstöðum var fluttur leikþátturinn „Listveldi“ eftir málaran sjálfan í þýðingu Aðalsteins Davíðssonar. Þetta er samtal tveggja manna, Odds sjálfs og annars enn þá frægari Norðmanns, listmálarans Edvards Munch sem dó nokkrum mánuðum áður en Odd fæddist. Listveldið er varnarræða Odds, réttlætning á því hvers vegna hann malar eins og gerir – hann lætur Munch sannfæra sig um að hann sé kitsmálari og hafi rétt til þess að vera það. Samtalsþátturinn var upphaflega birtur í bandaríska listtímaritinu Art News fyrir tveimur árum. Hér var hann fluttur af Sigurði Karlssyni og Arnari Jónssyni undir stjórn Hávars Sigurjónssonar, og þeir sem ekki komust á opnunina geta heyrt hann í Víðsjá á Rás 1 í dag. Víðsjá hefst kl. 17.03.

Þess má að lokum geta að Listasafn Reykjavíkur verður opið alla páskana og ekki væri stórhátið heldur venjuleg helgi. Kjarvalsstaðir verða opnir alla daga kl. 10–17 og til kl. 19 í kvöld, miðvikudag. Á mánudaginn kemur, annan í páskum, verður leiðsögn um sýningu Odds Nerdrum kl. 15. Hafnarhúsið verður opið kl. 11–18 alla daga og til kl. 19 á skírdag, en Ásmundarsafn kl. 13–16 alla daga.